

Mánudaginn 14. júní 1982.

Nr. 254/1981. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson, settur vara-
ríkissaksóknari)

gegn

Loga Jósep Guðmundssyni

(Jón E. Ragnarsson hæstaréttarlögmaður).

Ávana- og fikniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Málinu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 23. október 1981, en jafnframt var þess krafist af ákærvaldsins hálfu, að refsing, bæði refsivist og fésekt, yrði þyngd.

Ágrip barst Hæstarétti 2. apríl 1982.

Brot ákærða, sem fjallað er um í hinum áfrýjaða dómi, voru framin í júní til ágúst 1978. Samkvæmt sakavottorði ákærða gekkst hann hinn 5. apríl 1979 undir dómssátt í saka-dómi Reykjavíkur, 20.000.00 króna sekt, fyrir brot gegn 60., sbr. 61. gr. tolllaga, og hinn 20. október 1978 var hann í Uxbridge Magistrate Court í Englandi sektaður um 30 sterlingspund fyrir tilraun til smygls á fikniefnum. Tilvísun til 5. tölul. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 á því ekki við.

Að þessu athuguðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um sakarmat og heimfærslu brota.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi 60 daga og 8.000.00 króna fésekt til ríkissjóðs, en sektin er á lögð samkvæmt ákvæðum laga um ávana- og fikniefni nr. 65/1974, sbr. 49. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 101/1976. Komi 40 daga fangelsi í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Pá ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 3.500.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Logi Jósep Guðmundsson, sæti fangelsi 60 daga og greiði 8.000.00 króna fésekt til ríkissjóðs, en sæti fangelsi 40 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skulu óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 3.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 1. júní 1981.

Ár 1981, mánudaginn 1. júní, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum í húsakynnum dómsins að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Þórði Þórðarsyni fulltrúa við undirritaða votta og þá upp kveðinn dómur í sakadómsmáli nr. 802/1981: Ákærvaldið gegn Loga Jósep Guðmundssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. maí sl., er höfðað af ríkissaksóknara með ákæru, útg. 19. desember 1980, á hendur Loga Jósep Guðmundssyni stýrimanni, til heimilis að Njálsgötu 35, Reykjavík, fæddum 6. október 1955 í Vestmannaeyjum, fyrir að hafa á tímabilinu frá júní til ágúst 1978 í félagi með Guðmundi Einari Harðarsyni þrívægis keypt hassefni í Amsterdam, samtals um 2.2 kg, flutt efnið jafnóðum til Gautaborgar og í ágóðaskyni selt þar sinn hluta ýmist sjálfur eða með aðstoð nefnds Guðmundar Einars á um 20 kr. sænskar hvert gramm, en ákærði taldist eiga a. m. k. samtals 625 gr af hassinu.

Er þetta talið varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um

sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, sbr. 2. tl. 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er á sakhæfisaldri, nánar, svo sem áður segir, fæddur 6. október 1955 í Vestmannaeyjum. Hann hefur sætt refsingum sem hér segir:

1974 3/9 í Reykjavík: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot á 38. gr. umferðarlaga.

1979 5/4 í Reykjavík: Sátt, 20.000 kr. sekt fyrir brot á 60., sbr. 61. gr. tolllaga.

MÁLSATVIK.

Haustið 1978 hófst hér í dómi og samhliða hjá fíkniefnadeild lögreglu í Reykjavík umfangsmikil rannsókn á ætluðu fíkniefnamisferli fjölmargra Íslendinga, er dvöldu í Kaupmannahöfn og Suður-Svíþjóð. Var þar einkum um að ræða kaup fíkniefna í Hollandi og flutning þeirra til Danmerkur, Svíþjóðar og Íslands til endursölu. Vegna þess hve þeir, sem við málið voru riðnir, voru dreifðir og erfitt að staðsetja þá, tók rannsóknin mjög langan tíma, og enn hefur ekki náðst til allra viðkomandi.

Tveir þeirra, er bornir voru sökum í rannsókn þessari, voru ákærði og Guðmundur Einar Harðarson, fæddur 23. september 1951 í Reykjavík, en þeir dvöldu samfelld erlendis og náðist lengi vel ekki til þeirra.

Ákærði var yfirheyrður hjá fíkniefnadeild lögreglu í Reykjavík 28. mars 1979 vegna áburðar um fíkniefnaviðskipti, en neitaði þá öllum sökum.

Það var síðan 13. júní 1979, að nefndur Guðmundur Einar Harðarson var handtekinn við komu hingað til lands flugleiðis frá Luxemborg og þá með í sínum fótum liðlega 27.000 sænskar krónur. Var Guðmundur Einar þann 15. s. m. og hér í dómi úrskurðaður í gæsluvarðhald í allt að 15 dögum, en gæsluvarðhald hans var ítrekað framlengt. Guðmundur Einar viðurkennir m. a. fíkniefnaviðskipti í félagi við ákærða og lýsti þeim í yfirheyrslu hjá lögreglu í Reykjavík 2. júlí 1979 og hér í dómi 11. s. m.

Guðmundur Einar kvaðst í júní/júlí 1978 hafa ásamt ákærða haldið á bílaleigubifreið frá Gautaborg til Amsterdam til hasskaupa. Í Amsterdam hafi þeir af einhverjum arabiskum götusala keypt 500 gr af svörtu Pakistanhassi á 4—5 hollensk gyllini hvert gramm. Hassið hafi þeir síðan flutt til baka til Gauta-

borgar og þar selt sér ókunnum aðiljum í almenningsgarði, ýmist á um 40 sænskar kr. hvert gramm í smærri einingum, en 20—30 sænskar kr., ef um meira magn var að ræða.

Guðmundur Einar kvaðst ásamt ákærða aftur hafa haldið til Amsterdam á bílaleigubifreið og þar keypt um 700 gr af sams konar hassi fyrir hluta söluandvirðis efna úr síðustu ferð. Efnid hafi þeir flutt til Gautaborgar og selt með sama hætti og fyrr sér ókunnum aðiljum þar.

Í ágúst s. á. kvaðst Guðmundur Einar hafa haldið í þriðju ferðina til Amsterdam ásamt ákærða í fyrrgreindum erindagerðum, en nú á Renault bifreið, árgerð 1971, er þeir höfðu þá skömmu áður keypt fyrir milligöngu nafngreindrar vinkonu íslenskrar á sænskar kr. 1.700. Bifreiðin hafi hins vegar brætt úr sér í Þýskalandi og verið skilin þar eftir, en þeir þá tekið bifreið á leigu og haldið áfram til Amsterdam og þar keypt 1 kg af Pakistanhassi á sama verði og fyrr og flutt til Gautaborgar. Þar hafi þeir með sama hætti og áður selt hassið sér ókunnum aðiljum.

Ekki kemur beinlínis fram í framburði Guðmundar Einars, hver hafi verið hlutur hvors þeirra um sig í ofangreindum fikniefnaviðskiptum, en hann kvaðst að afloknum þessum ferðum hafa haft um 15.000 sænskar kr. sem ágóða af fikniefnasölunni, en ákærði eitthvað minna.

Þá rekur Guðmundur hasskaupferð til Kaupmannahafnar ásamt ákærða og nafngreindum 3ja aðilja íslenskum, en eins og ákæruskjal er orðað, þykir hún hér ekki skipta máli.

Ákærði var yfirheyrður hér í dómi 10. október 1980 og viðurkenndi þá að hafa farið fjórar ferðir til Amsterdam til hasskaupa. Í fyrstu ferðinni var um að ræða smávægilegt magn og ekki vikið nánar þar að, enda ekki ákært fyrir þá háttsemi, er þar greinir.

Hér á eftir fer framburður ákærða um þær þrjár Amsterdamferðir, sem vikið var að hér að ofan:

„II. Amsterdam ferð:

Hafi orðið í júlí eða ágúst 1978 og þá í útleigubifreið með Guðmundi Einari Harðarsyni, enda mætti á þessum tíma hjá þeim aðila búið og verið atvinnulaus að mestu.

Mætti segir Guðmund þennan hafa verið mun stærri framlagsaðila til efniskaupa og mætti þannig varla átt nema 25—30% hlut. Mætti kveðst ekki muna, hve mikið efni þarna var

keypt, enda Guðmundur að mestu séð um þá hlið. Mætta er kynntur framburður Guðmundar Einar Harðarsonar þar um, og kveðst þá mætti ekki véfengja, að þarna hafi verið um að ræða 500 gr af svörtu hassefni, er þeir félagar með sér fluttu til Gautaborgar og Guðmundur þar seldi ýmsum aðilum.

Skil frá Guðmundi til mætta hafi hins vegar verið stopul og lítil, enda Guðmundur af hagnaðarhlut mætta tekið vegna dvalarkostnaðar mætta í íbúð Guðmundar í Gautaborg.

Segir mætti láta nærri, að hann hafi út úr þessari ferð í sinn hlut fengið nettó 1.500—2.000 sænskar kr.

III. Amsterdam ferð:

Hafi verið skömmu eftir hina fyrri og væntanlega því snemma í ágúst 1978. Guðmundur Einar hafi sem áður átt meiri hluta keyptrar hassefna, eða 500 gr af 700 og mætti afgang, eða 200 gr. Þeir félagar hafi sem áður og með bifreið flutt þessi efni til Gautaborgar og Guðmundur Einar þar dreift sínum hluta, eða 500 gr, en mætti verið ráðalaus með sín 200 gr, þar til Íslendingur, þá búandi í Gautaborg og kallaður Bóbó, hafi fyrir milligöngu Guðmundar Einar af mætta keypt þessi 200 gr fyrir 20 sænskar kr. hvert. Mætti kveðst ekki geta áttað sig á, hver hluti þeirrar upphæðar hafi verið raunverulegur hagnaður, enda ekki vitað um innkaupsverð efna í Amsterdam, því Guðm. Einar hafi sem áður segi séð um þá hlið, en mætti nánast verið ökumaður.

IV. Amsterdam ferð:

Hafi orðið í ágúst 1978, en mætti og margnefndur Guðmundur Einar hafi áður í sameiningu keypt Renault bifreið og á henni haldið af stað. Sú bifreið hafi í Þýskalandi gefist upp, en þeir félagar þá haldið áfram í útleigubifreið. Mætti segir hlutaskipti þeirra félaga í milli hafa verið hin sömu og áður, en mætta þó ekki ljóst fremur en fyrr, hvert efnismagn Guðmundur Einar keypti í raun. Mætti kveðst þó ekki véfengja þann framburð Guðm. Einar, að þarna hafi samtals verið um að ræða 1 kg af hassi og mætti þá þar af átt líðlega 300 gr. Heildarmagnið hafi þeir félagar sem fyrr flutt til Gautaborgar og ofangreindur Bóbó (væntanlega Karl Bergur Gränz — athugasemd dómara) þar fyrir milligöngu Guðmundar Einar komið efnum í verð. Mætti kveðst frá margnefndum Bóbó hafa mótttekið sem sinn hluta söluandvirðis um 4.400 sænskar kr., en ekki fremur en fyrr áttað sig á, hver hluti þeirrar fjárhæðar geti talist hagnaður.

Þá hafi Guðmuður Einar fáum dögum síðar haldið einn af stað til Amsterdam sömu erinda og fyrr.

Mætti kveðst stuttu síðar hafa hitt Guðmund Einar í Amsterdam, en þeir félagar þaðan haldið að uppástungu Guðmundar Einars til Grikklands og þaðan til Tyrklands, þar sem Guðmuður Einar hafi fyrir fé, sent frá Bóbó áðurnefndum, keypt 700—800 gr af hassi og þeir félagar falið nærri helming efna hvor á öklum og fótleggjum, enda ætlun að flytja þessi efni hingað til lands. Þeir félagar hafi hins vegar verið handteknir við komu til London, efnin fundist, en máli lokið með lágri fésekt á hendur hvorum þeirra, mætta og Guðmundar Einars.

Kveðst mætti þá sem best hann geti munað, enda langt um liðið, hafa lýst sínum afskiptum af dreifingu hassefna.“

Er ákærða var birt ákæruskjal hér í dómi þann 27. apríl 1981, gerði ákærði engar athugasemdir við það og kvaðst ekkert hafa um það að segja.

NIÐURSTÖÐUR.

Sannað þykir með játningu ákærða, sem nægilega er studd framburði Guðmundar Einars Harðarsonar, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er í ákæruskjali greinir, nánar á tímabilinu frá júní til ágúst 1978 í félagi með Guðmundi Einari Harðarsyni þrívægis keypt hassefni í Amsterdam, samtals um 2.2 kg, flutt efnið jafnóðum til Gautaborgar og í ágóðaskyni selt þar sinn hluta ýmist sjálfur eða með aðstoð nefnds Guðmundar Einars á um 20 kr. sænskar hvert gramm, en ákærði taldist eiga a. m. k. samtals 625 gr af hassinu.

Ofangreind háttsemi er í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, sbr. 2. tl. 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Hefur ákærði þannig unnið til refsingar.

Samkvæmt ofansögðu ber að tiltaka refsingu ákærða með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði hefur ekki áður hlotið refsingu fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöf og ekki, svo kunnugt sé, orðið uppvis að slíkum brotum, eftir að ofangreindum brotum lauk. Þykir því rétt að ákvarða refsingu ákærða með hliðsjón af 5. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá verður fallist á þá skoð-

un verjanda, að ákærði hafi ekki verið aðalmaður í brotum, og tekið tillit til þess við refsímat.

Að öllu ofaskráðu athuguðu og virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 60 daga, en þess utan með vísan til 2. mgr. 49. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 fésekt að upphæð kr. 12.000.00, þar sem hann hafði hagnað af brotum sínum. Komi 80 daga varðhald í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt ofansögðu og með vísan til 141. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar af kr. 2.000.00 til skipaðs verjanda, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmans.

Dómsorð:

Ákærði, Logi Jósep Guðmundsson, fæddur 6. október 1955 í Vestmannaeyjum, sæti varðhaldi í 60 daga og greiði í fésekt til ríkissjóðs kr. 12.000.00. Komi 80 daga varðhald í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar af kr. 2.000.00 til skipaðs verjanda, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmans.

Þriðjudaginn 15. júní 1982.

Nr. 203/1978. **Dánarbú Páls Skúla Halldórssonar**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Safnaðarfélagi Ásprestakalls

(Þorsteinn Júlíusson hrl.).

Fasteign. Gallar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.